

Umsögn Valdimars Össurarsonar

um 779.mál; „frumvarp til laga um vandaða starfshætti í vísindum“.

Háttvirt þingnefnd

Um leið og ég þakka fyrir tækifæri til umsagnar um þetta þingmál er rétt að gera í byrjun örstutta grein fyrir mér, þar sem sú kynning skiptir máli í umsögninni:

Skilgreining vísinda. Ég hef um langt skeið starfað sem vísindamaður á ýmsum sviðum. Ég hef unnið að rannsóknum og þróun varðandi nýtingu sjávarorku, sem hefur leitt til þróunar fyrsta íslenska sjávarfallahverfilsins og þess hverfils sem á heimsvísu er kominn næst hagkvæmri nýtingu algengra annesjastrauma (nánar á vefnum valorka.is). Ég vinn einnig á sviði málvísinda og hef ég tekið saman víðtækasta orðasafn íslenskt fyrir staðbundið málsvæði (birt á vefnum kollsvik.is). Á sviði fornleifavísinda hef ég fengist við fræðastörf og minjavarðveislu og hlaut viðurkenningu Minjastofnunar fyrir það á síðasta aðalfundi. Grein um rannsóknir mínar á gripum úr rostungstönn mun birtast í næstu Árbók Fornleifafélagsins. Á sviði jarðvísinda hef ég rannsakað myndunarferli „frostgíga“ fyrstur Íslendinga og sett fram kenningar um það (sjá kollsvik.is). Á sviði vistræði hef ég rannsakað áhrif afráns skollakopps af þaraskógum á strandrof og sett fram kenningu um það (sjá grein í Nátturufraeðingnum). Það sem hér skiptir máli er að ég tilheyri ekki því sem venjulega er nefnt „háskólasamfélag“; ég hef engar háskólagráður en er samt vísindamaður, samkvæmt öllum skilgreiningum þess heitis.

Ég hef einnig verið formaður Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna síðasta áratug. SFH eru, ásamt systursamtökunum KVENN, einu hagsmunasamtök þeirra fjölmörgu vísindamanna sem starfa á frumstigum nýsköpunar. Í félögunum eru núna um 320 skráðir félagsmenn; flestir þeirra virkir í nýsköpun eða annarri vísindastarfsemi.

Með þessum inngangi vil ég undirstrika nauðsyn þess að skilgreiningar hugtaka séu öllum ljósar þegar Alþingi ræðir og samþykkir lög. Heitið „vísindi“ er þannig skilgreint á vísindavef Háskóla Íslands að það sé **öll sú mannlega starfsemi sem byggir á leit lausna og sannleika með vísindalegum aðferðum; þ.e. rökleiðslu og tilraunum**. Orðabók Menningarsjóðs segir að vísindi séu „athuganir, rannsóknir gerðar á kerfisbundinn, hlutlausan, raunsæjan hátt til að afla þekkingar“. Vísindi geta því verið stunduð af öllum en eru alls ekki bundin við starfsgreinar, menntun eða aðrar þrengri skilgreiningar. Vísindi eru t.d. mínar prófanir á mínum hverfli; gerðar á kerfisbundinn hátt og með fullnægjandi skráningum í þeim tilgangi að greina hvernig bæta megi frammistöðu hans. Þau vísindi eru engu óæðri en t.d. erfðafræðilegar rannsóknir á örverum í rannsóknarstofu háskóla. Menntun skiptir þannig engu máli í skilgreiningu vísinda, þó vissulega geti hún gagnast við ýmsa framkvæmd þeirra.

Frumvarp þetta er mörgum göllum hrjáð, þó eflaust búi þeim velvilji að baki. Ég vil hér draga fram tvo megingalla þess: Annar er sá að skilgreiningar vantar á veigamestu hugtökum sem þar eru notuð, en hinn er sá keimur af menntahroka og mismunun sem einkennir frumvarpið, og þó einkum greinargerðina sem því fylgir, og mun væntanlega verða notuð sem lögskýringargagn.

Lög án fullnægjandi skilgreininga eru ólög. Í þessu frumvarpi gegna hugtök lykilhlutverki. Því veldur það furðu að hvergi er að finna skilgreiningar á þeim hugtökum, líkt og venja er um slíka lagasmíð, þar sem mörk hugtaka eru mörgum óljós. Lykilhugtök í frumvarpinu eru þessi:

1. **Vísindi.** (T.d. í 1.gr) Er hér átt við vísindi í algildri og venjulegri merkingu þess heitis, sem t.d. er skilgreind á vísindavef HÍ og Orðabók Menningarjóns (sjá hér að framan)? Eða er hér einungis átt við vísindastarf á vegum akademískra aðila s.s. háskóla og stofnana, eins og ráða mætti af greinargerðinni?
2. **Rannsóknir.** (1.gr) Við hvaða rannsóknir eiga þessi lög? Í 1.gr segir; „Markmið laga þessara er að stuðla að því að rannsóknir fari fram í samræmi við vandaða starfshætti í vísindum...“. Margir stunda rannsóknir í okkar samfélagi, jafnt innan stofnana og skóla sem utan þeirra. Hvar liggja mörkin? Má t.d. fuglaskoðari sem í ógáti beinir kíkí sínum að fáklæddum sóldýrkendum eiga það á hættu að honum verði stefnt fyrir sjömannanefndina fyrir brot á vísindasiðferði?
3. **Vandaðir starfshættir í vísindum.** (1.gr; 6.gr) Hver er skilgreining á vönduðum og óvönduðum starfsháttum? Í 1.gr. segir að hugtakið vísi til „viðurkenndra siðferðisviðmiða“. Er sjömannanefndin þá dómari í öllu siðferði í rannsóknum; lærða sem leikra?
4. **Viðurkennd siðferðisviðmið.** (4.gr; 6.gr). Hvað er átt við? Hvar er að finna lista yfir siðferðisviðmið með skilgreiningum og vottunum á því sem viðurkennt er? Þetta skiptir höfuðmáli, því ekki gengur það í réttarríki að menn séu teknir til opinberrar rannsóknar nema unnt sé að benda á rökstuddan grun um lögbrot. Hér er að óbreyttu opnað fyrir geðþóttaákvæðanir og einelti á vinnustöðum. Í 6.gr segir að sjömannanefndin skuli „skrá viðurkennd siðferðisviðmið í rannsóknum og skilgreiningar á brotum gegn þeim“. Hvað þýðir þessi grein? Ekki er annað að sjá en að hér eigi að fela fámennum hópi menntamanna að ákveða hvað rétt sé og rangt í allri mannlegri hegðun; ekki aðeins innan veggja háskóla og rannsóknastofa heldur í öllu íslensku samfélagi. Hætt er við að þessi lífsins bók verði æði viðamikil þegar hún fer í prentun. Slík rökleysa í lagasetningu nær engri átt.
5. **Vísindasiðfræði.** (5.gr; 6.gr) Við hvað er átt? Hvergi er að finna skilgreiningu á þessu heiti, utan þess að það hefur borið á góma innan háskólanna. Heitið er ekki að finna í orðabók Menningarsjóðs og engin dæmi eru um það í ritmálssafni Orðabókar Háskólans. Engu að síður skal, við skipun sjömannanendarinnar, gæta þess að þar sé fyrir hendi þekking á „vísindasiðfræði“. Slík vinnubrögð eru ekki boðleg við lagasetningu Alþingis.

Ljóst má vera að í þetta lagafrumvarp skortir allar skilgreiningar. Þar með er ekki ljóst hvaða tilgangi lagasetningin á að þjóna og hvaða vanda eða vafamál henni er ætlað að leysa úr. Lagasetning án tilgangs er verri en engin lagasetning. Hinsvegar; ef ætlunin er sú að leysa úr vandamálum innan háskólanna og/eða annarra tiltekinna stofnana er nauðsynlegt að þess sé skýrt getið í skilgreiningum og afmörkunum laganna. Þá þarf að tilgreina þær stofnanir á skýran hátt, í stað þess að flenna lögín út yfir allt samfélagið með óljósu orðalagi.

Mismunun og fordómar. Athyglisvert er að í þessu lagafrumvarpi, sem samkvæmt heiti sínu er ætlað að tryggja siðferði og vandaða starfshætti í vísindum, er að óbreyttu farið fram með grímulausa mismunun og hroka í garð vísindamanna sem starfa utan háskóla- og stofnanaumhverfisins. Minnt skal á áður nefndar skilgreiningar Háskólans og orðabóka, sem segja að vísindi sé hverskonar lausnaleytt með rökleiðslu. Samkvæmt því eru einstakir hugvitsmenn og frumkvöðlar sem stunda þróun og rannsóknir ekki síður vísindamenn en það fólk sem starfar innan háskóla og rannsóknastofnana. Hæfni til vísindarannsókna fæst ekki síður með sjálfsnámi en skólagöngu. Þessa fjölmenna hóps sjálfmenntaðra vísindamanna er þó að engu getið, hvorki í lögnum né greinargerð þeirra; meðan þráfallega er minnst á háskólasamfélag, fyrirtæki og stofnanir. Sem dæmi má benda á 2.gr. 5.gr laganna kveður á um skipan sjö manna nefndar. Þar á að vera fyrir hendi þekking á svonefndri „vísindasiðfræði“, lögræði og „ólíkum rannsóknasviðum“. Ráðherra á að leita tilnefndinga frá háskólum og „öðrum aðilum rannsóknasamfélagsins“ og hafa „samráð við vísinda og tækniráð“ áður en gengið er frá skipun. Í augum hins almenna vísindamanns og hugvitsmanns sem


starfar utan háskólasamfélagsins og hefur einatt verið sniðgenginn um fulltrúa í Vísinda- og tækniráð eru þetta einberir fordómar og hroki. Með þessu er einhverjum útvöldum háskólamönnum fært lagalegt dómsvald og íhlutunarvald yfir hinum almenna vísinda- og hugvitsmanni. Slík firra nær ekki nokkurri átt, enda er hún í andstöðu við jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar.

Þá er næsta hláleg sú tilhögun að „ráðherra (þ.e. forsætisráðherra) hafi samráð við vísinda- og tækniráð“ um skipan í nefndina. Forsætisráðherra er formaður VT-ráðs og því undarlegt siðferði í því fólgið að hann leiti ráða hjá sjálfum sér. Slíkt stangast að sjálfsögðu á við allar reglur um vanhæfi.

Undarlegt er að binda það í lög (5.gr) að nefnd af þessu tagi skuli hafa í för með sér útgjöld, með því að nefna þóknun nefndarmanna, skrifstofuaðstöðu og starfsfólk sérstaklega. Það er óumdeilt hlutverk ríkissjóðs að standa undir nauðsynlegum og óhjákvæmilegum kostnaði við nefndir og ráð stjórnvalda; og eftirlitsstofnana að gæta þess að hann fari ekki úr hófi. Óþarft er að binda slíkt í lög um hverja nefnd, auk þess sem það gæti hamlað skilvirku eftirliti.

Sem formaður Samtaka frumkvöðla og hugvitsmanna mótmæli ég þeirri sniðgöngu sem hér hefur verið á bent. Fer ég fram á að gerðar verði lagfæringar á þessum lögum, og við þær tekið tillit til framangreindra athugasemda; telji Alþingi að lagasetning af þessu tagi sé nauðsynleg. Að lágmarki er farið fram á það að skilgreiningar frumvarpsins verði bættar og að fulls jöfnuðar verði gætt milli allra vísindamanna; hvort sem þeir eru háskólamenntaðir eða sjálfmenntaðir. Útrýma þarf „menntahroka“ og fordómum af þessu tagi. Þannig er t.d. farið fram á það að við skipan nefndarinnar verði óskað tilnefningar fulltrúa SFH og/eða KVENN, sem eru einu hagsmunasamtök einstaklinga sem vinna að nýsköpun á frumstigum, og rannsóknnum sem henni tengjast.

Fleira mætti að þessu finna. Ég fagna því vissulega að reynt sé að bæta siðferði í nýsköpun og vísindum. Ekki er vanþörf á því, eins og sést af svartri skýrslu sem Samtök frumkvöðla og hugvitsmanna leggja fyrir Alþingi nú á vordögum. Hinsvegar verður að vanda lagasetningu í þeim efnum mun betur en hér er gert, og gæta þess að hún leysi fremur úr vandanum en auki hann.



Valdimar Össurason
Framkv.stjóri Valorku ehf og formaður SFH

Skógarbraut 1104, 262 Reykjanesbæ
s. 862 2345 guva@simnet.is valorka@simnet.is